



MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI

# Kynning á starfi MK

Fyrir forráðamenn nýnema

17. ágúst 2022



# Hvað er INNA ?

- ✓ Upplýsingakerfi fyrir framhaldsskóla
- ✓ Þar er haldið utan um skipulag náms, skráningu nemenda, stundatöflu, próftöflu, námsferil, einkunnir og viðveru
- ✓ Forráðamenn hafa sjálfkrafa aðgang að INNU að 18 ára aldri nemandans og geta fylgst með viðveru og námsferli – þegar nemandi verður 18 ára getur **nemandi** áfram veitt forráðamanni aðgang.



# Hvernig kemstu á Innu ?

- ✓ Fara inn á heimasíðu MK [www.mk.is](http://www.mk.is) / [www.inna.is](http://www.inna.is).
- ✓ Hægt er að nota íslykil/rafræn skilríki.

island.is

Þá færðu tvö möguleika.

Íslykill	Rafræn skilríki
<ul style="list-style-type: none"><li>❖ Ef þú vilt nota <b>ÍSLYKIL</b> þá skrifarðu kennitöluna þína í reitinn</li></ul>	<input type="text" value="Sláðu inn kennitölu"/>
<ul style="list-style-type: none"><li>❖ og svo lykilorðið þitt</li></ul>	<input type="text" value="Sláðu inn Íslykil"/> 
<ul style="list-style-type: none"><li>❖ og ýtir á lokum á</li></ul>	<input type="button" value="Staðfesta"/>
<ul style="list-style-type: none"><li>➤ Ef þú vilt nota <b>RAFRÆN SKILRÍKI</b> þá skrifarðu símanúmerið þitt í reitinn</li></ul>	<input type="text" value="7 stafa símanúmer, síminn ólæstur"/>
<ul style="list-style-type: none"><li>➤ og ýtir svo á</li></ul>	<input type="button" value="Innskrá"/>
<ul style="list-style-type: none"><li>➤ ferlinu lýkur þú svo með því að setja lykilorðið þitt inn í símann.</li></ul>	



# Hvað er Moodle ?

- ✓ Moodle er kennslumhverfi þar sem hver og einn áfangi hefur sitt svæði. Kennarar setja þar inn kennsluáætlanir, dagbók, próf, verkefnaskil, námsefni og ýmislegt varðandi dagleg samskipti kennara og nemenda
- ✓ Forráðamenn eru ekki með aðgang að Moodle en geta fengið aðgangsorð og lykilorð hjá börnum sínum vilji þeir fylgjast með
- ✓ Forráðamenn eru hvattir til að fylgjast með heimanámi og ástundun frá upphafi



# Mætingakerfið

- ✓ Aðstoðarskólameistari sendir út ástundun í lok hverrar viku
- ✓ 90% lágmarks skólasókn yfir önnina
- ✓ Fari nemandi í 93% er send rafræn viðvörðun á nemanda og forráðamann
- ✓ Leyfi eru veitt í undantekningartilfellum. Skila þarf inn leyfisbréfi sem hægt er að nálgast á heimasíðu skólans. Fjarvera er á ábyrgð forráðamanna. Ekki gert ráð fyrir tilfærslu á verkefnum og prófum. Forráðamenn hvattir til að taka ekki börn sín úr skóla á starfstíma hans
- ✓ Á heimasíðu skólans er skóladagatal 2022-2023, þar má sjá prófatímabil, vetrarfrí, jólafrí, sumarfrí og fl.



# Veikindaskráning

Eingöngu er hægt að skrá veikindi samdægurs. Ef veikindaskráning er ekki skráð fær nemandi fjarvist.

The screenshot shows the INNA student portal interface. At the top, there is a navigation bar with the INNA logo, a language selector (IS / EN), and user information (H.H.E.). Below the navigation bar, the main content area is divided into several sections:

- Stundatafla** (Schedule): A table showing the course schedule for the current day (FÖSTUDAGURINN 28.08). The table has columns for time, course ID, and room. Courses include ENSK2H005 (1) at M305 UÖP, ÍSL303 (1) at B304 HST, DAN212 (3) at M203 VHS, FÉL273 (1) at M204 GJS, ÍÞR262 (2) at ÍÞ2 GGB, LEIÐ1JS05 (1) at M203 FA, and STÆR2HM05 (1) at M308 GHE.
- Nýjar fjarvistir** (New Absences): A list of new absences for the current day (AGU 26). It shows two absences: FÉL273 and ÍÞR262.
- Tilkynningar** (Notifications): A list of notifications for the current day (AGU 27). It includes notifications for Timaverkefni 1, Tomorrow - Friday, and At our next class meeting.
- Próf** (Exams): A section showing exam results for the current day (0). It indicates that no exams have been taken.
- Verkefni** (Assignments): A list of assignments for the current day (5). It includes assignments for DAN212: Kaflipróf #1 (26), Tímaritun (33), and Hlustunarpróf (61).
- Áfangar** (Courses): A list of courses for the current day (5). It includes courses for DAN212 (3) and ENSK2H005 (1).
- Minnislisti** (Remembered): A section for remembering items, with a button labeled "Skoða sögu".
- Sidebar Menu**: A vertical menu on the right side of the page with the following items: NÁMSGAGNALISTI, SKRÁ VEIKINDI (highlighted with a blue arrow), MÖTUNEYTI, PRÓFTAFLA, and HEIMAVINNA.



# Veikindaskráning frh.

Þar eru skráð veikindi ásamt því að setja inn athugasemd ef við á. Veikindatilkynning er send inn með því að smella á pennann og þá kemur upp tilkynning ef skráning tókst

The screenshot shows the INNA web application interface. At the top, there is a navigation bar with the INNA logo, menu items 'Stundatafla', 'Verkefni/Próf', 'Áfangar', and 'Námið', and a language selector 'IS / EN'. On the right, there are icons for user profile, home, and email. The main content area has a green header with a sad face icon and the text 'Skrá veikindi'. Below this, there are four input fields: 'Nemandi' (with a dropdown menu), 'Kennitala' (with a dropdown menu), 'Í dag' (with a radio button), and 'Athugasemd' (with a text input field). A green 'Senda inn' button is located at the bottom left of the form.

Starfsmaður skólans þarf að samþykkja veikindaskráningu í gegnum Innu til þess að það færist inn í viðveruskráningu nemandans. Þegar veikindaskráning er staðfest þá sendist póstur á þann sem átti færsluna.

Vegna heimsóknar til læknis/tannlæknis o.fl geta forráðamenn skráð það í gegnum INNU – sjá upplýsingar á heimasíðu MK.

<https://www.mk.is/static/files/almennt/skammtimaleyfi-nemenda.pdf>



# Grunndeild matvæla- og ferðagreina GMF – tveggja anna braut

Áfangar á brautinni eru:

- Enska, íslenska og stærðfræði, 5 einingar hver
- Íþróttir 2 einingar
- Innra eftirlit og matvælaöryggi, 2 einingar
- Nám og tölvur, 3 einingar
- Næringarfræði, grunnur 5 einingar
- Verkleg og bókleg færniþjálfun í matvælagreinum, 24 einingar
- Verkleg þjálfun á vinnustað, 2 einingar
- Öryggismál og skyndihjálp, 2 einingar
- Örverufræði, 2 einingar
- Þjónustusamskipti, 6 einingar





# Almennar greinar á brautinni

Nemendur taka þrjá áfanga í almennum greinum á þrepi tvö sem eru:

- Enska 5 einingar
- Íslenska 5 einingar
- Stærðfræði 5 einingar
- Íþróttir 2 einingar

Ef nemandi hefur ekki lokið grunnskóla með B í einkunn í almennri grein/greinum þá innritast viðkomandi á þrep eitt í viðkomandi grein/greinum



# Á vorönn

- ✓ Nemandi sem er með 90% mætingu að lágmarki fer í starfsþjálfun á vinnustað/starfsnámsstað á vorönninni í þeirri grein sem hann kýs. Skólinn skipuleggur þann þátt námsins.
- ✓ Að lokinni starfsþjálfunarvikunni hefur nemendum oft staðið til boða að hefja nám og fara á námssamning í iðnnáminu á þeim stað sem kynningin fer fram.

Nánari upplýsingar á [www.mk.is](http://www.mk.is)



# Að loknu námi

Að loknu námi standa nemendum til boða tvær leiðir til áframhaldandi náms.

Þær eru:

- ✓ Nemandi velur að fara í iðnnám. Hann velur greinina sem hann hefur áhuga fyrir og skólinn aðstoðar nemann eins og kostur er við að komast á samning.
- ✓ Nemandi velur að fara í bóknám og þarf þá að sækja um nám hvort sem það er í MK eða öðrum skóla.

Nánari upplýsingar á [www.mk.is](http://www.mk.is)



# Íþróttir

- ✓ MK er í samstarfi við Sporthúsið um íþróttaiðkunn nemenda. Tími á stundatöflu á föstudögum kl. 15:45 en nemendur geta hinsvegar farið þegar þeim hentar dagsins, á tímabilinu 1. sept - 4. desember.
- ✓ **ÍPRÓ1AA01** (Sporthús)
- ✓ Sendir verða nafnalistarí Sporthúsið 26. ágúst. Nemendur þurfa að passa að skrá sig inn og út í Sporthúsinu. Til að fá eina einingu þurfa nemendur að mæta 23 sinnum í eina klukkustund í hvert sinn, 46 skipti gefa þeim tvær einingar. Nemendur þurfa að senda tölvupóst á Inga ([ingi@sporthusid.is](mailto:ingi@sporthusid.is)) áður en þeir mæta í fyrsta skiptið.
- ✓ Nánari upplýsingar á <https://www.mk.is/is/nemendur/um-namid/ithrottir>



# Frh. ípróttir

- ✓ **ÍPRÓ1AA01PJ** æfingar hjá íþróttafélagi eða í öðrum líkamsræktarstöðvum.
- ✓ Ef nemandi er að æfa ípróttir hjá íþróttafélagi eða á kort í annarri líkamsræktarstöð en Sporthúsinu, þarf hann að fylla út eyðublaðið [áætlun vegna íþróttá haustönn/vorönn](#) og skila inn á skrifstofu skólans undirrituðu af þjálfara/starfsmanni líkamsræktarstöðvar fyrir 2. september. Í lok annar þarf hann að skila inn [staðfestingu](#) á að hann hafi mætt á æfingarnar/líkamsræktina og skila inn á skrifstofu skólans undirrituðu af þjálfara og með stimpli viðkomandi íþróttafélags/líkamsræktarstöðvar (ásamt útprentuðu eintaki af mætingu) – **annars fær nemandi ekki einingu.**



# Námsmat

- ✓ Símat: námsmat er fjölbreytt. Mikið um verkefnavinnu þar sem vinna og frammistaða nemandans á önninni er metin
- ✓ Í sumum áföngum eru líka lokapróf. Þau fara fram 5. – 9. des, sjúkrapróf 12. des. Próftafla verður birt í Innu og á heimasíðu skólans í október



# Umsjón

- ✓ Nemendur eru með umsjónarkennara fyrsta árið í grunndeild matvæla og ferðagreina (tími einu sinni í viku í Vera fyrstu tvær annir)
- ✓ Hlutverk umsjónarkennara er m.a. að fylgjast með námsferli, mætingum og námsvali. Hann hittir nemendur vikulega. Heldur utan um upplýsingagjöf til foreldra. Vísar málum til annarra starfsmanna í skólanum ef þörf er á



# Námsráðgjöf

Tveir náms- og starfsráðgjafar eru starfandi við skólann og er opið hjá þeim á skólatíma:

- Helga Lind [helga.lind.hjartardottir@mk.is](mailto:helga.lind.hjartardottir@mk.is)
- Þórdís [thordis.thorisdottir@mk.is](mailto:thordis.thorisdottir@mk.is)
- Ef ekki er óskað þjónustu frá sérstökum námsráðgjafa er hægt að panta viðtalstíma á netfangið [namsradgjof@mk.is](mailto:namsradgjof@mk.is)





# Praktískar upplýsingar

- ✓ Hafi nemandi greiningu um námsvanda er nauðsynlegt að panta viðtal hjá námsráðgjafa. Skólinn hefur aðgang að talgervli ef einhverjir þurfa á að halda. Lokapróf í desember eru 90 mín. allir nemendur mega sitja í 120 mín.
- ✓ Nemendur fengu skáp í byrjun skólaárs þar sem þeir geta geymt útiskó, vinnuföt og námsgögn. Ekki er leyfilegt að vera í útiskóm í skólanum og nauðsynlegt er að vera í réttum skóbúnaði í verklegum kennslustundum.
- ✓ Mötuneyti skólans er opið 8:00 – 15:30 (föstudaga til 14:00). Nemendur geta keypt heita máltíð í hádeginu eftir vigt. Á morgnana verður boðið upp á hafragraut nemendum að kostnaðarlausu. Nánari upplýsingar og verðlisti verður birtur á heimasíðu skólans. Nemendur geta komið með nesti, örbylgjuofn og samlokugrill á staðnum (nánari upplýsingar á [mk.is](http://mk.is))



# Upplýsingatækniver/bókasafn

- ✓ Upplýsingatækniver/bókasafnið er upplýsingamiðstöð fyrir nemendur skólans
- ✓ Þar er góð vinnuaðstaða fyrir nemendur
- ✓ Nemendur geta prentað þar út og ljósritað en nemendur fá úthlutað prentkvóta (50 eintök) í byrjun annar
- ✓ Tölvuþjónusta skólans er staðsett í upplýsingatækniverinu. Þar geta nemendur fengið ýmiskonar aðstoð við vandamál sem upp koma vegna tölvumála [tolvuthjonusta@mk.is](mailto:tolvuthjonusta@mk.is)
- ✓ Upplýsingatækniverið er opið meðan á kennslu stendur.
- ✓ Verkefnatímar eru í stundatöflum allra nemenda á miðvikudögum kl. 13:10-13:55, þar geta nemendur farið til faggreinakennara og fengið frekari aðstoð við námsefni og verkefni



MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI

Takk fyrir með von um gott samstarf á næstu misserum 😊